

**Nd.**

### **870. Breytingartillögur**

við frv. til l. um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Frá Héðni Valdimarssyni.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „eina kú“ í 2. málsgr. komi: 3000 lítra.
2. Við 6. gr.
  - a. Í stað orðanna „bæjarstjórn Reykjavíkur tilnefnir 1 mann“ komi: bæjarstjórn Reykjavíkur tilnefnir **2 menn**.
  - b. Í stað orðanna „landbúnaðarráðherra skipar án tilnefningar 2 menn í nefndina, og skal hann skipa annan þeirra formann nefndarinnar. Fulltrúi bæjarstjórnar Reykjavíkur vikur sæti úr nefndinni, þegar hún hefir til meðferðar málefni annara kaupstaða eða kauptúna, og tekur þá sæti hans fulltrúi tilnefndur á sama hátt af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd“ komi: landbúnaðarráðherra skipar 1 mann í nefndina, og er hann formaður hennar. Fulltrúar bæjarstjórnar Reykjavíkur vikja sæti úr nefndinni, þegar hún hefir til meðferðar málefni annara kaupstaða eða kauptúna, og taka þá sæti þeirra fulltrúar tilnefndir á sama hátt af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd.
  - c. Í stað síðustu málsgreinar komi:

Þóknun til mjólkursölunefndar og annar óhjákvæmilegur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr verðjöfnunarsjóði. Þóknunin sé ekki hærri en kr. 10,00 til hvers nefndarmanns fyrir hvern nefndarfund.